

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 123 – 16.09.2009

Miðvikudaginn 16. september, árið 2009, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð

DAGSKRÁ:

1. Erindi frá KS varðandi kaup á heitu vatni fyrir Vallhólma.
2. Hækkun hitaveitugjalda.
3. Erindi frá Sveitarstjóra varðandi kaldavatnslögn Steinsstaðir – Vindheimamelar.
4. Aðalfundur Versins
5. Tilboð í lagningu kaldavatnslagnar Steinsstaðir – Vindheimamelar.
6. Samningur á milli Tengils ehf. GS og Skv.
7. Önnur mál.
 - a) Heimæðagjöld á Hofsósi – nýbyggingar.
 - b) Lagfæringar á borholum – Sauðárkróki og Fljótum.
 - c) Bleikjueldi í Skagafirði

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf undirritað af Þórólfi Gíslasyni kaupfélagstjóra Kaupfélags Skagfirðinga dags. 9. september 2009, þar sem óskað er eftir viðuræðum um notkun á heitu vatni í Vallhólma. Páll veitustjóri gerði grein fyrir óformlegum viðuræðum sem hann átti við Þórólf Gíslason í byrjun september varðandi málið. Stjórnin samþykkir að fela Einari Gíslasyni og Páli Pálssyni veitustjóra að ganga til samninga við KS út frá þeim forsendum sem ræddar voru á fundinum.
2. Lögð fram gögn sem sýna þróun gengis og vísitölu miðað við hækkun á heitu vatni hjá Skagafjarðarveitum ehf. Stjórnin samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 2,5 % frá 1. nóv. 2009.
3. Erindi dags. 9. september 2009 frá Guðmundi Guðlaugssyni f.h. Sv. Skagafjarðar þess efnis að koma upp kaldavatnsaðstöðu á Vindheimamelum vegna landsmóts árið 2010. Sveitarfélagið mun fjármagna verkið að mestu leyti, en Skagafjarðarveitur ehf. munu sjá um framkvæmd þess. Stjórnin samþykkir að fara í framkvæmdina en Páli Pálssyni veitustjóra falið að ræða við Guðmund Guðlaugsson sveitarstjóra og formann stjórnar Gullhýls ehf. um kostnaðarþátttöku Gullhýls í verkinu.

4. Lagt fram aðalfundarboð Versins vísindagarða ehf. en fundurinn verður haldinn í Verinu Háeyri 1 Sauðárkróki 1. október nk. kl. 16.00. Samþykkt að stjórnarmenn fari hlutfallslega með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf. á fundinum.
5. Lög fram fundargerð vegna opnum útboðs á kaldvatnslögn Steinstaðir að Vindheimamelum.

Málefni: Steinsstaðir - Vindheimamelar – Lögn vatnsveitu 2009. Yfirferð tilboða. Fimmtudaginn 3. september 2009 voru opnuð tilboð í útboðsverkið Steinsstaðir - Vindheimamelar – Lögn vatnsveitu 2009. Verkið var boðið út í lokuðu útboði. Þrjú tilboð bárust og hafa þau nú verið yfirfarin. Engar útreikningssekkjur fundust. Niðurstaðan er eftirfarandi:

Nr.	Nöfn bjóðenda	Tilboðsupphæð	Hlutf.afáætlun
1	Fjörður ehf.	3.357.000	58,7%
2	Vinnuvélar Símonar Skarphéðinssonar ehf.	3.164.700	55,4%
3	Steypustöð Skagafjarðar ehf.	2.785.400	48,7%
	- Kostnaðaráætlun, Stoð ehf.	5.714.500,-	100%

Skv. ákvæðum íslensks staðals, ÍST 30, eru bjóðendur bundnir af tilboðum sínum í fjórar vikur frá opnunardegi tilboða. Fyrir þann tíma þarf að tilkynna viðkomandi verktaka hvort tilboði hans hafi verið tekið, eða því hafnað.

Lagt er til að tilboði Steypustöðvar Skagafjarðar ehf. verði tekið.

*f.h. Stoðar ehf. verkfræðistofu
Atli Gunnar Arnórsson*

Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að taka lægsta tilboði frá Steypustöð Skagafjarðar ehf. Veitustjóra falið að ganga frá samningi.

6. Lagður fram samningur á milli Tengils ehf. Gagnaveitu Skagafjarðar og Skagafjarðarveitna ehf. vegna lagningu ljósleiðar í Hlíðahverfi á Sauðárkróki
Málinu frestað til næsta fundar.
7. Önnur mál.
 - a) Heimæðargjöld á Hofsósi. - Málinu frestað til næsta fundar.
 - b) Páll veitustjóri gerði grein fyrir að fóðring í borholu 11 í Borgarmýrum á Sauðárkróki og fóðring í borholu á Sólgörðum í Fljótum væru bilaðar. Til að lagafæra þær þarf sennilega að fá bor í verkefnið og fóðra holurnar upp á nýtt.
Páli falið að vinna að málinu.
 - c) Lögð fram áfangaskýrsla um bleikjueldi í Skagafirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15

Páll Pálsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)